

# **Snjómokstur á Blönduósi**

**2024-2027**



**Útboðs- og verklýsing**

**Október 2024**



## Útboðsskilmálar

### Útboð

Húnabyggð kt. 650422-2520 óskar eftir tilboðum í verkið “Snjómokstur á Blönduósi árin 2024 til vors 2027”.

Verkið skal vinna samkvæmt útboðs og verklýsingu þessari, ásamt þeim gögnum sem þar er vísað til. Útboðsgögn eru, útboðs- og verklýsing.

Innifalið í tilboði skal vera allt sem til þarf til að ljúka verkinu eins og það er skilgreint í útboðsgögnum þessum. Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsblað og sundurliða í tilboðsskrá.

### Útboðsform

Hér er um lokað útboð að ræða og eins og lýst er í ÍST30 gr. 2.10

### Upplýsingar um bjóðendur

Verkkaupi gerir kröfu um að bjóðendur skili inn með tilboði skuldleysisvottorði við ríki og sveitarfélög.

Við val á verktaka verður auk tilboðsverðs tekið tillit til tæknilegrar getu bjóðenda og reynslu þeirra af sambærilegum verkum.

### Lauslegt yfirlit yfir verkið

Um er að ræða snjómokstur á götum og plönum á Blönduósi. Verkefnið felst í vetrarþjónustu, hreinsa snjó og krapa á götum eftir því sem verkkaupi óskar eftir. Verkkaupi gerir ráð fyrir að semja við einn eða fleiri aðila um verkefnið. Snjómokstri verður skipt upp í tvö svæði og sé einn verktaki með bæði svæðin er gerð krafa um að unnið sé á þeim báðum á sama tíma. Telji verkkaupi að verkið gangi ekki nógu vel áskilur hann sé rétt til að kalla til fleiri verktaka. Komi upp þær aðstæður að verktaki nái ekki að opna götur vegna snjóá á ásættanlegum tíma að mati verkkaupa er sveitarfélaginu heimilt að kalla út annan verktaka til aðstoðar.

Tilboðið er í vinnu fyrir hverja klukkustund. Engar fastar greiðslur eru greiddar, einungis unnar klukkustundir.

### Kröfur um tæki og búnað til verksins

Gerð er krafa um að tæki og búnaður sem notuð eru við snjómokstur séu útbúin í snjómokstur, svo sem með skekkjanlegri snjótönn eða sambærilegan búnað. Allur búnaður skal vera í góðu lagi, skráður og úttekinn af viðeigandi aðilum. Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna notkun búnaðar eða tækja sem hann telur að henti ekki til verksins.



## **Gerð og frágangur tilboðs**

Tilboð skal gera samkvæmt meðfylgjandi útboðslýsingu, verklýsingu og tilboðsskrá og uppdráttum. Tilboð skal gera á meðfylgjandi sundurliðaða tilboðsskrá.

## **Verksamningur**

Samningur varðandi verk þetta skal gerður til þriggja ára og gildir til vors 2027. Heimilt er að framlengja samninginn í eitt ár í senn, mest tvisvar sinnum, sem þó er ekki skuldbindandi ákvæði fyrir verkkaupa.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að endurskoða samninginn um hver áramót. Verkkaupa er heimilt að segja upp samningi einhliða telji hann að verklagi verktaka sé ábótavant og/eða ef ákvæði samningsins eru brotin. Verkkaupa er einnig heimilt að fella út ákveðna þætti úr verkinu. Ennfremur er verkkaupa heimilt að bæta við svæðum hvenær sem er á samningstímanum.

Tilboð skulu vera bindandi í fjórar vikur frá opunardegi.

## **Útboðsgögn**

Til útboðsgagna vegna verks þessa teljast:

- 1) Útboðs og verklýsing þessi.
- 2) Tilboðsblað.
- 3) Teikning á PDF-skjali
- 4) Íslenskur staðall IST-30.
- 5) Innkaupareglur Húnabyggðar

## **Skýringar á útboðsgögnum.**

Óski væntanlegur bjóðandi eftir frekari skýringum á útboðsgögnum eða hann verður var við ósamræmi í útboðsgögnum sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæð, skal hann senda verkkaupa skriflega fyrirspurn eigi síðar en sjö dögum fyrir opunardag tilboða. Samhljóða svarbréf verður sent öllum bjóðendum.

## **Verkkaupi:**

**Húnabyggð kt. 650422-2520**

## **Verkefnisstjórn og eftirlit:**

Þjónustumiðstöð  
Ægisbraut 1  
540 Blönduósi  
sími 455-4730



### **Ábyrgð verktaka**

Verktaki ber sjálfur ábyrgð á því tjóni sem hann kann að verða fyrir svo og því tjóni sem og slysum sem hann kann að valda þriðja aðila eða verkkaupa á meðan á framkvæmdum stendur.

Verktaka ber að hafa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna sinna og tækja.

### **Breytingar á verki eða aukaverk**

Verktaki má engin aukaverk vinna nema samkvæmt skýlausum fyrirmælum verkkaupa. Krafist er að allar yfirlýsingar og samningar um breytingar og aukaverk séu skriflegar.

### **Misræmi í gögnum**

Nú koma fram villur í útboðsgögnum, og er verktaki þá eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Sé villan ekki veruleg og leiði til aukins kostnaðar skal verktaki fá hann bættan, enda tilkynni hann verkkaupa um villuna strax og hann verður hennar var.

Vanræki verktaki að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi hluti verks er framkvæmdur fellur bótaskylda verkkaupa niður. Á samsvarandi hátt á verkkaupi rétt á lækkun tilboðsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar.

Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð, sem leiðir af framansögðu.

Ef um ósamræmi milli uppdráttu og lýsinga er að ræða skal verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa það til úrskurðar. Vanti eitthvað á uppdrættina, sem lýsing tekur fram, skal farið eftir lýsingunni. Hins vegar skulu uppdrættir ráða, þar sem skortir lýsingu. Ber verktaki ábyrgð á, að hvort tveggja komi til greina. Ef verktaki er í vafa skal hann fá úrskurð verkkaupa þar um.

### **Verktími – verkáætlun**

Tíðarfar mun ráða því hvenær þörf er á snjómokstri á Blönduósi og er hann framkvæmdur í samráði við Þjónustumiðstöð. Þjónustumiðstöð er heimilt að fela verktaka að meta hvenær mokstur skal hefjast.

Verktaki skal gera verkáætlun um moksturinn og fá hana samþykkt af verkkaupa. Gróflega skal þó reikna með að snjómokstur geti verið á tímabilinu frá byrjun októbermánaðar og fram í lok apríl ár hvert. Verktaki skuldbindur sig á þessu tímabili að hlíta ákvæðum útboðs- og verklýsingar er eiga við um verk þetta. Ef nauðsyn verður á snjómokstri utan hefðbundins tímabils vegna óvenjulegrar tíðar eða veðurfars áskilur verkkaupi sér rétt til breytinga á því.

### **Verklag**

Verktaki skal vinna verk sitt samkvæmt útboðs- og verklýsingu þessari. Sinni verktaki ekki skyldum sínum skal verkkaupi eiga rétt á að fá annan verktaka til að vinna verkið. Komi beiðni á snjómoksturstímabili frá verkkaupa um lagfæringu á snjómokstri skal verktaki bregðast við samstundis.



## Úttektir

Úttektir verða með því formi að reglulega verður fylgst með af starfsmönnum Þjónustumiðstöðvar hvort verktaki sé að uppfylla þær kröfur er til hans eru gerðar.

## Ágreiningsmál

Verði ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um skilning á útboðsgögnum skal verktaki þó eigi síður framkvæma verkið skv. fyrirmælum verkkaupa.

## Greiðslur fyrir verkið

Verktaki skal skila inn vinnuskýrslum fyrir hvern dag sem eru samþykktar af Þjónustumiðstöð.

Verktaki skal skila reikningum um hver mánaðarmót. Verktaki skal innheimta reikninga eftir verkframvindu hverju sinni.

Samþykktir reikningar verða síðan greiddir eigi síðar en tveimur vikum eftir samþykkt þeirra.

## Verðlagsgrundvöllur

Fyrir hvert nýtt ár skulu tilboðsverð verðbætt miðað við byggingarvísitölu í júní ár hvert. Viðmiðunarvísitala fyrir fyrsta snjómoksturstímabil er því samkvæmt byggingarvísitölu 120,9 stig í september 2024 og skulu tilboðsverð því leiðrétt miðað við hana fyrir hvert nýtt snjómoksturstímabil (október-maí ár hvert).

## Auðkenni tilboðs

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Húnabyggðar, Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduósi, í lokuðu umslagi þannig merktu:

“Tilboð í snjómokstur á Blönduósi 2024-2027”

## Opnun tilboða

Tilboð skulu hafa borist til Húnabyggðar eigi síðar en mánudaginn 23. október 2024 kl. 11:00 og verða þau þar opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Tilboðin gilda í fjórar vikur.

## Teikningaskrá

Teikningar með útboði þessu eru eftirfarandi:  
Yfirlitsmynd um mokstursleiðir



## Verklýsing

### **Almennt.**

Verklýsingu er ætlað að skýra hvað standa skal á bak við einingarverð í tilboðsskrá. Verklýsing mun taka til snjómokstur og er miðað við gjald á hverja unna klukkustund. Gjaldið skal innifela alla vélavinnu og vinnu starfsmanns við verkið. Sama gjald er alltaf greitt fyrir hverja unna klukkustund, hvort sem um er að ræða vinnu í dagvinnu, yfirvinnu eða á hátíðardögum og öðrum lögbundnum frídögum.

Verktaki skal hlíta fyrirmælum eftirlitsaðila á vegum Húnabyggðar. Ef upp koma vafamál varðandi verkframkvæmd skal verktaki snúa sér til þjónustumiðstöðvar Húnabyggðar.

Verktilhögun verður með þeim hætti að verktaki skal sjá um snjómokstur og tryggja að ákveðnar akstursleiðir séu greiðfærar eftir því sem verkkaupi óskar eftir á hverjum tíma.

Ef í verklýsingu er miðað við ákveðna mokstur tíðni áskilur verkkaupi sér rétt til að breyta henni meðal annars m.t.t. tíðarfars eða annarra þeirra þátta er verkkaupa finnst skipta máli. Ennfremur áskilur verkkaupi sér rétt til að fella út ákveðin svæði eða bæta við ef verkkaupi telur slíkt nauðsynlegt.

Að öllu jöfnu skal miða við að allar aðalleiðir séu færar ekki seinna en klukkan 07:00 á morgnanna og að þeim sé haldið opnum til klukkan 21:00 eða eftir ákvörðun verkkaupa.

Við verkframkvæmdina skal verktaki gæta að eftirfarandi atriðum.

- Að tæki og búnaður sé í fullkomnu lagi og ætlaður til þess að moka snjó af götum eða gönguleiðum. Tækið skal útbúið keðjum ef aðstæður eru með þeim hætti.

Verkkaupi mun meta nauðsynlega tíðni snjómoksturs eftir tíðarfari hverju sinni.

*Magn er tímagjald af vinnuvél með starfsmanni við snjómokstur. Einingarverð skal fela í sér allan kostnað, m.a. vinnu, tæki, efni og flutning sem fylgir því að fullljúka þeim verkliðum, sem nefndir eru hér að framan.*

Verktaki skal skila svæðunum greiðfærum þannig að hvergi standi eftir hindranir og tryggja að umferð gangi eðlilega fyrir sig á umræddu svæði. Snjó skal mokað upp á ákveðin svæði eftir þörfum í samráði við þjónustumiðstöð.



Fylgiskjal: Dæmi um skiptingu svæða við snjómokstur

## **Snjómokstur á Blönduósi, 2024 til 2027.**

### **Skipting svæða milli verktaka.**

#### **Verktaki 1**

Mokar allar götur norðan Blöndu.

Mokar plön við grunnskóla og leikskólar (Barnabær og Vallaból) og hefur þau klár fyrir kl. 7:30.

#### **Verktaki 2**

Mokar allar götur sunnan Blöndu, svo upp í Arnargerði, mokað þar frá Svínvetningabraut að brekku upp í Kúagirðingu og veginn meðfram Reiðhöll. Gata í Fálkagerði.

**Ekki skal breytt út af þessari tilhögun nema til komi beiðni frá Þjónustumiðstöð.**

**Staðfest með undirskrift.**

**Verktaki 1.**

XXXXXXXX XXX

**Verktaki 2.**

XXXXXXXX XXX

XXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXX

XXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXX



# TILBOÐSBLAÐ

Undirritaður gerir hér með tilboð í tímagjald við snjómokstur á Blönduósi árin 2024-2027 samkvæmt útboðs og verklýsingu:

Snjómokstur gatna: \_\_\_\_\_ kr./klst vél og maður

Öll verð innifela virðisaukaskatt, 24%.

---

Staður og dagsetning:

---

Nafn fyrirtækis og kennitala:

---

Undirskrift tilboðsgjafa:





Snjómokstur  
(staðan 07 October 2024):

— forgangur 1  
— forgangur 2

